

Miðvikudaginn 8. janúar 1992.

Nr. 497/1989. **Kaupfélag Dýrfirðinga**

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

**Jóhanni Sigurðssyni**

(Jón Oddsson hrl.).

Skuldamál. Landbúnaðarlöggjöf. Aðild.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Í héraði voru bræðurnir Garðar og Jóhann Sigurðssynir stefnendur. Áfrýjunarstefna var gefin út 21. desember 1989 og henni beint að þeim báðum. Garðar lést 19. apríl 1990, og tók Jóhann allan arf eftir hann. Er hann nú einn aðili varnar megin, þar sem skiptum dánarbúsins er lokið og Jóhann tók að sér að greiða skuldir þess.

Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti með dráttarvöxtum.

Aðilar deila hvorki um fjárhæð höfuðstóls né um vexti.

Með tilvísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann með þeirri breytingu á aðild, sem að framan er lýst.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem er hæfilega ákveðinn 75.000 krónur. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

### **D ó m s o r ð:**

Áfrýjandi, Kaupfélag Dýrfirðinga, greiði stefnda, Jóhanni Sigurðssyni, fjárhæð í samræmi við héraðsdóm.

Áfrýjandi greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 14. desember 1989.**

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 8. desember 1989, höfðuðu stefnendur, Garðar Sigurðsson, kt. 230727-4149, og Jóhann Sig-

urðsson, kt. 080728-3289, báðir til heimilis að Neðsta-Hvammi í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, gegn Kaupfélagi Dýrfirðinga á Þingeyri, kt. 680169-6599, fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu með stefnu, út gefinni 26. maí 1989 og birtri 6. júní s.á.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim „sameiginlega skuld, að fjárhæð krónur 1.527.094,96, auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta svo og málskostnað]’.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og þeir dæmdir til að greiða honum málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi, byggðum á gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, auk lögmæltra dráttarvaxta og sérstaks sölugjalds til ríkissjóðs.

### *Málavextir.*

Tildrög mála eru þau, að stefnendur reka félagsbú á jörðinni Neðsta-Hvammi í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, og hafa gert um langt árabil. Þeir höfðu sameiginlegan viðskiptamannareikning hjá stefnda, og var jafnan lagt inn á hann vegna sláturafurða frá stefnendum. Svo var enn gert vegna slátrunar haustið 1987. Stefnendur lýstu því fyrir dómi, að síðari hluta nóvembermánaðar 1987 hefðu þeir óskað eftir uppgjöri frá stefnda, en kaupfélagsstjórinn þáverandi, Bjarni Grímsson, hefði neitað því og tjáð þeim, að til þess væru engir fjármunir handbærir. Þeir hefðu þá sagst myndu leita réttar síns og í framhaldi þess snúið sér til lögmanns síns 4. desember 1987. Lögmaður stefnenda ritaði stefnda kröfubréf 7. desember 1987, þar sem hann krafði hann um greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1.100.115,78, samkvæmt viðskiptayfirliti í október auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar. Með bréfi 17. desember 1987 hafnaði stefndi þessari kröfu á þeim forsendum, að ekki væri um gjaldfallna skuld við stefnendur að ræða. Til samkomulags var boðið, að stefnendur fengju greiðslur út af viðskiptareikningnum þannig, að hann greiddist út á þremur til fjórum mánuðum og yrði að fullu greiddur í mars - apríl 1988. Jafnframt yrðu greiddir almennir skuldavextir af inneigninni, á meðan um hana væri að ræða. Lögmaður stefnenda ritaði stefnda kröfubréf að nýju 1. mars 1988 og krafðist nú greiðslu skuldar miðað við viðskiptareikning stefnenda 31. desember 1987, að fjárhæð kr. 1.527.094,00, auk dráttarvaxta og kostnaðar, að fjárhæð kr. 279.728,05, samtals kr. 1.806.823,01. Hann lét þess getið í bréfi sínu, að þessi viðskipti og meðferð stefnda á fé stefnenda gæti leitt til opinberrar rannsóknar. Með skeyti til stefnenda 11. apríl 1988, sem lögmaður þeirra fékk afrit af, tilkynnti stefndi, að á skrifstofu sinni á Þingeyri væri ávísun, sem væri fullnaðaruppgjör til stefnenda. Lögmaður stefnenda ítrekaði með skeyti 12. apríl 1988 kröfur umbjóðenda sinna, þar sem greiðslutilboð stefnda fæli engin skil í sér. Stefndi svaraði með skeyti sama

dag og ítrekaði efni símskeytis frá 11. apríl 1988. Næsta dag tilkynnti stefndi lögmanni stefnenda með skeyti, að hann hefði þann dag greitt inn á hlaupareikning lögmannsins í Útvegsbanka Íslands greiðslur af viðskiptareikningi stefnenda ásamt vöxum. Þessi greiðsla nam kr. 1.581.121,56. Með bréfi 24. apríl 1988 ítrekaði lögmaður stefnenda fyrri kröfugerð þeirra, enda væri greiðslan 13. apríl 1988 aðeins innborgun. Frekari skipti um þetta ágreiningsefni áttu aðilar ekki, þar til mál þetta var höfðað.

Við munnlegan flutning málsins 8. desember 1989 var bókuð eftirfarandi yfirlýsing lögmannna aðila:

Aðilar eru sammála um eftirfarandi:

- 1) Slátrun hjá stefnendum haustið 1987 lauk fyrir 15. október það ár.
  - 2) Sá háttur hefur tíðkast í skiptum aðila fram til ársins 1987, að greiðslur fyrir sláturafurðir hafa verið lagðar inn á viðskiptareikning stefnenda hjá stefnda og vaxtareiknaðar þar með almennum innlánsvöxtum.
  - 3) Ekki hefur verið gerður sérstakur samningur milli aðila um annan hátt á greiðslum fyrir sláturafurðir en greinir í 29. gr. laga nr. 46/1985.
- Stefnendur, Garðar og Jóhann Sigurðssynir, og núverandi kaupfélagsstjóri stefnda, Magnús Guðjónsson, gáfu skýrslur fyrir dómi við aðalmeðferð málsins.

#### *Málsástæður og lagarök.*

Stefnendur reisa kröfugerð sína á því, að stefnda hafi borið að gera upp skuldir sínar við stefnendur í samræmi við ákvæði 29. gr. laga nr. 46/1985 varðandi umræddar sauðfjárafurðir þannig: 75% inneignar fyrir 15. október 1987 og 25% fyrir 15. desember 1987. Stefnendur hafi krafist uppgjors frá stefnda í samræmi við ofangreint þegar haustið 1987, en án árangurs. Hið eina, er stefnendur hafi fengið þá, hafi verið útskrift frá 6. nóvember 1987. Umrædd skipting milli ofangreindra gjalddaga sé samkvæmt bréfi frá framleiðsluráði landbúnaðarins, er sent hafi verið stefnda eins og öðrum sláturleyfishöfum, sbr. 29. gr. laga nr. 46/1985, sbr. og forsendur í dómi bæjarþings Húsavíkur, sem lagður hafi verið fram í málinu og áfrýjað hafi verið til Hæstaréttar. Stefnukrafan í málinu sé reist á skuld stefnda við stefnendur miðað við 31. desember 1987. Sú fjárhæð ætti að vera mun hærri, sbr. 29. gr. laga nr. 46/1985, þar sem dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 eigi að leggjast við vanskil miðað við tilgreinda gjalddaga 15. október 1987 og 15. desember 1987. Vextir hafi verið miðaðir við áramót til þess að auðvelda málið og greiða fyrir samkomulagi. Þá vísa stefnendur og til reglna á sviði fjármunaréttar, sbr. lög nr. 39/1922, viðskiptavenja og eðlis máls.

Stefndi visar til þess, að 1. júlí 1985 hafi tekið gildi lög nr. 46/1985 um

framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Lögin hafi leyst af hólmi lög nr. 95/1981 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl. Lög nr. 46/1985 feli í sér umfangsmiklar breytingar frá eldri löggjöf. Í VI. kafla laganna, 28. og 29. gr., séu m.a. tekin upp sérstök ákvæði um skil og greiðslu afurðaverðs til búvöruframleiðenda. Síðastgreind ákvæði laga nr. 46/1985 þrengi rétt búvöruframleiðenda til að krefja afurðastöðvar um uppgjör fyrir framleiðsluna frá því, sem annars hefði orðið samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins, svo sem 12. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Uppgjörsreglur 28. og 29. gr. laga nr. 46/1985 séu hins vegar frávikjanlegar og geri því búvöruframleiðendum og afurðastöðvum kleift að semja um annan greiðslumáta en þann, sem lögin bjóða, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 46/1985.

Stefnendur máls þessa hafi á þriðja áratug stundað sauðfjárbúskap á jörðinni Neðsta-Hvammi í Þingeyrarhreppi, Dýrafirði. Allt til ársins 1988 hafi stefnendur lagt afurðir bús síns inn hjá stefnda og fengið andvirði þeirra greitt inn á viðskiptareikning stefnenda hjá stefnda. Við gildistöku laga nr. 46/1985 hafi hvorki orðið breyting á greiðsluhætti stefnda til stefnenda né hafi verið af þeirra hálfu hafðar uppi athugasemdir við greiðsluafurðir stefnda árin 1985 og 1986. Þá hafi stefnendur ekki heldur gert kröfu um annan greiðslumáta, er þeir færðu búfénað sinn til slátrunar haustið 1987. Krafa í þá átt hafi fyrst komið fram formlega í bréfi lögmanns stefnenda frá 7. desember 1987. Hafi stefndi í bréfinu verið krafinn um greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1.100.115,78, auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Fjárhæð þessi hafi verið að mestu sá hluti afurðaverðs til stefnenda, sem stefnda hafi borið að gera upp við stefnendur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 46/1985. En þann hluta afurðaverðsins hefði stefndi þegar 15. október 1987 fært stefnendum til tekna í viðskiptareikningi þeirra. Forsvarsmaður stefnda, Bjarni Grímsson, þáverandi kaupfélagsstjóri, hafi mótmælt kröfu lögmanns stefnenda í bréfi 17. desember 1987.

Kröfu sína um sýknu reisir stefndi á eftirfarandi: að 7. desember 1987 hafi stefnendur ekki átt gjaldfallna kröfu á hendur stefnda vegna afurðasölu haustið 1987. Stefndi hafi þegar 15. október 1987 efnt greiðsluskyldu sína samkvæmt 28. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 46/1985, með því að greiða kr. 1.078.135,00 inn á viðskiptareikning stefnenda hjá stefnda. Hér hafi verið um að ræða sömu uppgjörsaðferð og stefndi hafi notað alla tíð gagnvart stefnendum og þeir ekki gert neinar athugasemdir við. Stefnendur hafi ekki heldur, er fé þeirra var leitt til slátrunar haustið 1987, óskað eftir greiðslu fyrir afurðirnar með öðrum hætti en verið hafi undangengin ár. Því verði að líta svo á, að með aðgerðaleyfi sínu hafi stefnendur firrt sig rétti til að krefjast uppgjörs með þeim hætti, sem þeir hafi

gert í desember 1987 og fengið framgengt undir hótunum um kæru af hálfu lögmanns þeirra um miðjan apríl 1988.

Stefndi segir, að verði ekki fallist á þessi sjónarmið, verði við ákvörðun á greiðsluskyldu afurðastöðva samkvæmt 28. og 29. gr. laga nr. 46/1985 að horfa til þess, að samningar búvöruframleiðenda og afurðastöðva séu samningar, sem ríkisvaldið, er kjósi að miðstýra landbúnaði, sé jafnframt aðili að. Ákvæði 28. og 29. gr. laga nr. 46/1985 byggist á þeirri forsendu, að afurðastöðvum sé með afurðalánunum gert kleift að uppfylla greiðsluskylduna. Frá gildistöku laga nr. 46/1985 hafi ávallt verulega skort á, að ríkið hafi staðið við sitt. Ríkið hafi þannig gert afurðastöðvunum ókleift að greiða út í hönd á tilteknum dögum verðmæti innlagðrar búvöru. Stefnendur, sem séu þátttakendur í samtökum bænda, sem ríkið semji við og tryggi fullt afurðaverð fyrir ákveðið magn búvöru hjá hverjum framleiðanda, séu því að beina spjótum sínum að röngum aðila.

Um lagarök vísar stefndi kröfum sínum til stuðnings til 28. og 29. gr. laga nr. 46/1985, vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum og laga nr. 85/1936 með síðari breytingum.

#### *Niðurstaða.*

Lög nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum leystu af hólmi lög nr. 95/1981 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o.fl. Yngri lögin fela í sér umfangsmiklar breytingar frá eldri löggjöf um landbúnaðarmálefni, og eru meðal hinna helstu ákvæði um skil og greiðslu afurðaverðs til búvöruframleiðenda. Í 28. gr. laga nr. 46/1985 segir, að afurðastöð sé skylt að haga greiðslum til framleiðanda fyrir innlagðar búvörur í samræmi við ákvæði laganna og þeirra samninga og ákvarðana, sem teknar eru með heimild í þeim. Í 29. gr. laganna eru svo nánari reglur um greiðslur til framleiðenda fyrir afurðir. Þar segir m.a., að fyrir sauðfjárafurðir, lagðar inn á haustsláturtíð, beri afurðastöð að greiða framleiðanda frumgreiðslu í síðasta lagi 15. október til þeirra, sem slátra fyrir þann dag, og fullnaðargreiðslu haustgrundvallarverðs, sem ákveðið er 1. september, eigi síðar en 15. desember. Síðan segir, að heimilt sé einstökum framleiðendum að semja um annan hátt á greiðslum.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 46/1985 sagði, að aðstæður hefðu sýnt, að nauðsynlegt væri að hafa ákvæði um greiðslu afurðaverðs mörkuð með frekari hætti í lögum. Í viðskiptum framleiðenda búvara og söluaðila hefðu aðilar í ýmsum tilvikum komið sér saman um tilteknar uppgjorsreglur, en í öðrum tilvikum hefði uppgjör innlagðra búvara ráðist af ákvörðunum söluaðila. Síðan sagði í greinargerðinni: „Með reglum þessarar greinar eru lögboðnar tilteknar uppgjorsreglur, og kunna þær í ein-

staka tilvikum að þrengja rétt framleiðenda frá því, sem annars væri samkvæmt gildandi lögum, en almennt er þessum reglum ætlað að flýta uppgjöri á greiðslum afurðaverðs til framleiðenda.“ Það er ljóst af þessum orðum og raunar allri umræðu á Alþingi um frumvarp til laga nr. 46/1985, að einn megintilgangur þeirra var sá að setja ákveðnar reglur um uppgjör til framleiðenda búvara, er myndu stuðla að því, að „kjör þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta“, sbr. 1. gr. laganna. Þetta hefur þótt nauðsynlegt vegna yfirburða sláturleyfishafa og afurðastöðva gagnvart framleiðendum um langt árabíll, þótt hitt sé jafnljóst, að í þessu kynnu að felast einhverjar takmarkanir á rétti framleiðenda samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, sbr. og lög nr. 43/1943 um greiðslu íslenskra afurða.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnendur hafi ekki átt gjaldfallna kröfu á hendur sér, þegar þeir sjálfir í lok nóvembermánaðar 1987 og lögmaður þeirra með bréfi 7. desember s.á. hafi krafist greiðslu. Hann telur sig hafa efnt greiðsluskyldu sína gagnvart stefnendum með því að greiða inn á viðskiptareikning þeirra samkvæmt langri venju og vaxta-reikna fjárhæðina þar með almennum innlánsvöxtum, enda hefðu stefnendur ekki borið fram óskir um breytingar eða haft nokkra fyrirvara á, þegar fé þeirra var leitt til slátrunar haustið 1987. Þeir hefðu því með aðgerðaleyfi firt sig rétti til að krefjast uppgjors með þeim hætti, sem þeir gerðu. Á þessi sjónarmið stefnda verður ekki fallist. Það er óumdeilt, að enginn sérstakur samningur var milli aðila um annan hátt á greiðslum fyrir slátur-afurðir en greinir í 29. gr. laga nr. 46/1985. Með hliðsjón af skýrum uppgjorsreglum þessara laga og ótvíræðum tilgangi þeirra, eins og honum hefur verið lýst, verður ekki talið, að stefnendur hafi þurft að setja fram einhverja sérstaka fyrirvara um, að þeir myndu krefjast greiðslu á grundvelli laganna. Þá verður ekki heldur talið, að milli aðila hafi verið einhvers konar samningsígildi um uppgjör samkvæmt áralangri venju, sem skapaðist og viðhaldið var við allt aðrar aðstæður í löggjöf en nú voru orðnar. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, þótt stefnendur hafi ekki nýtt sér rétt sinn fyrstu tvö árin eftir gildistöku hinna nýju búvörulaga.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í annan stað á því, að ríkisvaldið, sem kjósi að miðstýra landbúnaði, hafi með vanefndum sínum gagnvart stefnda varðandi afurðalán gert honum ókleift að greiða út í hönd á tilteknum dögum verðmæti innlagðrar búvöru. Stefnendur, sem séu þátttakendur í samtökum bænda, sem ríkið semji við og tryggi fullt afurðaverð fyrir ákveðið magn búvöru frá hverjum framleiðanda, séu því að beina spjótum sínum að röngum aðila. Það segir að visu berum orðum í athugasemdum við 29. gr. frumvarps til laga nr. 46/1985, að „ákvæði þessarar greinar byggist á því, að afurðastöðvum sé með afurðalánnum gert kleift að uppfylla skyldur þessar“.

Vísað er til þess, að fyrir því sé samþykkt ríkisstjórnarflokkanna 6. september 1984 og ákvörðun ríkisstjórnarinnar 19. mars 1985 um afurðalán landbúnaðar og iðnaðar. Þrátt fyrir þessar forsendur við lagasetningu er ekki unnt að fallast á, að samskipti stefnda við ríkisvaldið geti bundið stefnendur þessa máls umfram og raunar í andstöðu við skýr ákvæði búvörulaga. Sú lagatúlkun fær ekki staðist, að löggjöf geti umfram orðanna hljóðan verið skilyrt með þeim hætti, að efndir milli aðila í lögskiptum geti verið háðar aðgerðum af hálfu þriðja aðila eða efndum hans gagnvart öðrum hvorum eða einhverjum samningsaðila.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnenda teknar til greina. Eins og kröfugerð þeirra er úr garði gerð, skiptir ekki máli, hver hlutföll greiðslna hafi átt að vera dagana 15. október og 15. desember 1987, en óumdeilt er, að slátrun hjá stefnendum haustið 1987 hafi verið lokið fyrir 15. október það ár. Krafa þeirra var öll í gjalddaga fallin 15. desember 1987, en vaxta er þó ekki krafist fyrr en frá og með 1. janúar 1988. Stefndi verður því dæmdur til þess að greiða stefnendum kr. 1.527.094,96 að frádreginni innborgun, að fjárhæð kr. 1.581.121,56, 13. apríl 1988 með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af heildarfjárhæðinni frá 1. janúar 1988 til 13. apríl s.á., en af eftirstöðvum hennar eftir framangreinda innborgun frá þeim degi til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar að liðnum hverjum tólf mánuðum, í fyrsta skipti 1. janúar 1989.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnendum sameiginlega málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 120.000,00.

Pétur Kr. Hafstein sýslumaður kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Kaupfélag Dýrfirðinga, greiði stefnendum, Garðari Sigurðssyni og Jóhanni Sigurðssyni, kr. 1.527.094,96 að frádreginni innborgun, að fjárhæð kr. 1.581.121,56, 13. apríl 1988 með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af heildarfjárhæðinni frá 1. janúar 1988 til 13. apríl s.á., en af eftirstöðvum hennar eftir framangreinda innborgun frá þeim degi til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar að liðnum hverjum tólf mánuðum, í fyrsta skipti 1. janúar 1989.

Stefndi greiði stefnendum sameiginlega málskostnað, að fjárhæð kr. 120.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.